



Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Uppstilling kjörseðla fyrir Hverfið mitt

Til upplýsingar fyrir íbúaráð

Nú er komið að þeim lið í verkefninu Hverfið mitt þar sem hugmyndum er stillt upp á kjörseðil fyrir hverfakosningar sem fara fram næsta haust. Alls fara 25 hugmyndir í hverju hverfi áfram í hverfakosninguna. Nú er búið að fara yfir allar innsendar hugmyndir og meta hvort þær uppfylli skilyrði og reglur verkefnisins.

Af samþykktum hugmyndum fara 15 vinsælustu hugmyndirnar í hverju hverfi sjálfkrafa áfram. Síðan er nú komið að íbúaráði hverfisins til að velja allt að 10 hugmyndir til viðbótar. Íbúaráðið getur þannig horft til dreifingar og fjölbreytileika verkefna í vali sínu og tryggt að allir hverfahlutar séu með hugmyndir í kosningu og það séu hugmyndir sem höfði til allra, ungra sem aldraðra. Séu færri en 10 hugmyndir til að velja á milli getur íbúaráð valið á milli þess að hleypa öllum hugmyndum áfram í kosningu eða hleypa færri hugmyndum áfram.

Meðfylgjandi er listi yfir allar samþykktar hugmyndir og búið er að merkja þær hugmyndir sem eru komnar áfram með „Á kjörseðli“ og hugmyndir sem íbúaráð getur valið með „Hjá íbúaráði“. Einnig er meðfylgjandi skjal með staðsetningu hugmynda svo þið getið séð hvernig hugmyndir dreifast yfir hverfið. Hugmyndir merktar með grænum staðsetningarhnitum eru þær hugmyndir sem komnar eru áfram og rauðmerkt staðsetningarhnit fyrir þær hugmyndir sem íbúaráðið getur valið á milli. Einstaka hugmyndir eru ekki með valda staðsetningu og birtast þar af leiðandi ekki á kortinu, en er hægt að skoða í skjali með yfirliti yfir hugmyndirnar.

Í kjölfar þess að búið er að stilla upp hugmyndum á kjörseðil verða hugmyndir forhannaðar, verðmerktar og skrifuð verklýsing fyrir þær áður en þær fara í kosningu næsta haust.

Undirritaður óskar eftir að fá að kynna hugmyndir hvers hverfis á fundum íbúaráða og jafnframt að íbúaráð samþykki val um allt að 10 hugmyndir sem fara á kjörseðilinn fyrir hverfakosninguna næsta haust. Íbúaráð eru eindregið hvött til að skoða hugmyndirnar vel og gæta jafnræðis í vali sínu á hugmyndum fyrir hverfakosninguna.

Virðingarfyllst,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Uppstilling kjörseðla fyrir Hverfið mitt – hugmyndir á Kjalarnesi

Kort með staðsetningu hugmynda á Kjalarnesi